

Mikilvægi hagsmunagæslu

KRISTÍN TÓMASDÓTTIR SKRIFAR:

Geðhjálp hefur á undanförunum tveimur árum lagt áherslu á að efla þjónustu sem snýr að hagsmunagæslu fyrir hagsmunahóp félagsins. Í hagsmunagæslu felst að standa vörð um hag og réttindi sjúklinga og aðstandenda, vera hlustandi og óháður talsmaður. Gæta þarf að því að farið sé að lögum og að mannréttindi séu ekki brotin en einnig að meðferðarþegi sé hafður með í ráðum varðandi sína meðferð og að virðing sé borin fyrir hans/hennar skoðunum. Þá getur hagsmunagæslan einnig snúið að réttindum aðstandenda til þess að taka ákvarðanir eða fá fyrirbyggjandi gögn í hendurnar.

Geðhjálpar eru óháð hagsmunasamtök sem hafa enga hagsmuni af því að verja ákvarðanir spítalanna, Tryggingastofnunar, ráðuneyta eða annarra aðila sem gætu tekið ákvarðanir um málefni hagsmunahópsins nema það sé hópnum fyrir bestu. Í þessu felst að vera óháður hagsmunaaðili.

Undanfarin tvö ár hafa komið inn á borð ráðgjafa Geðhjálpar að meðaltali sex hagsmunamál á mánuði. Mörg þeirra eru leyst með einföldum aðgerðum til dæmis aðstoð við lestur á fyrirbyggjandi gögnum, aðstoð við bréfaskrif eða stuðning á fundum um málefni þess sem á í hlut. Stundum snúa málín að einföldum misskilningi og fellur það þá í hlut hagsmunagæslunnar að reyna eftir bestu



„Í hagsmunagæslu felst að standa vörð um hag og réttindi sjúklinga og aðstandenda,“ segir Kristín Tómasdóttir ráðgjafi hjá Geðhjálp.

getu að leiðrétta misskilninginn. Sumir geðsjúkdómar eru þess eðlis að fólk getur átt erfitt með að meta aðstæður eða greina hver þeirra réttindi eru og hvort þau séu í hávegum höfð. Í þeim tilfellum getur óháður aðili safnað saman upplýsingum og gögnum sem styðja að svo sé, nú ef svo er ekki þá getur hagsmunagæslan fylgt málunum eftir og þrýst á að svo verði.

Sumir eiga aðstandendur sem sinna þessu hlutverki en margir þeirra leita til Geðhjálpar eftir praktískum upplýsingum um geðheilbrigðiskerfið og hvernig best sé að snúa sér í ákveðnum

aðstæðum. Stundum getur verið gott að fá utanaðkomandi aðila til þess að sinna þessu hlutverki til þess eins að koma í veg fyrir trúnaðarbresti í traustum samböndum við aðstandendur. Aðrir eiga ekki aðstandendur sem geta sinnt þessu hlutverki eða gera sér ekki grein fyrir mikilvægi þess. Þá er þjónusta Geðhjálpar oftan en ekki vel þegin.

Til þess að hagsmunagæslan skili góðum árangri er mikilvægt að allir málsaðilar vinni vel saman en þannig næst yfirleitt mikil sátt og niðurstöður sem eru öllum fyrir bestu.